

EFTIRLITSSKÝRSLA



UMHVERFISSTOFNUN

Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps Sorpurðun Breiðdalshrepps á Heydalum

| | | | |
|---------------------|-----------------------------------|------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits | 25.8.2014 | Fulltrúi UST | Hákon Hansson |
| Fyrirtæki | Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps | Fulltrúi UST | |
| Heimili | Selnesi 25 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4801690779 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Páll Baldursson | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferðir 21. júlí og 25. ágúst 2014. Almennt er góð umgengni um urðunarsvæðið en bæta þarf úr nokkrum þáttum, tryggja að hlið að urðunarsvæði sé alltaf lokað og holur sem eru grafnar fyrir úrgang séu huldar að fullu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Gengið var um urðunarsvæðið og næsta nágrenni, einkum sunnan og austan við urðunarstaðinn. Eftirlit utan girðingar var til að meta fok frá svæðinu.

Urðunarsvæði er hulið jarðvegi, sem grafinn hefur verið upp á svæðinu.

Urðunarsvæðið er snyrtilegt og úrgangur urðaður jafnóðum. Lítils háttar ber á foki í nágrenni urðunarstaðar, en fok er mun minna en við eftirlit undanfarin ár.

Fundað var með fráfarandi sveitarstjóra Breiðdalshrepps að eftirliti loknu.

Að fullu hefur verið lokið við að girða svæðið umhverfis urðunarstaðinn. Lítillega ber á foki á svæðinu,

Staðfesting hefur borist um að búið er að ganga frá ábyrgðartryggingu skv. lið 4.5 í starfsleyfi

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1:

Í lið 3.1. í starfsleyfi er fjallað um skráningar. Ljóst er að magn úrgangs og gerð er skráð jafn óðum, en áhersla er lögð á að skila niðurstöðum til eftirlitsaðila og Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.

Varðandi veðurfarsupplýsingar er vísað til úrkomumælinga, sem framkvæmdar eru á vegnum Veðurstofu á bænum Gilsá í Breiðdal, bærinn er í innan við 10 km fjarlægð frá urðunarstað og samþykkt er að hægt sé að miða við niðurstöður veðurmælinga á sjálfvirku veðurstöðinni að Kambanesi í um 15 km fjarlægð frá urðunarstað. Kambanesi

Athugasemd 2

Í lið 3.2 í starfsleyfi er fjallað um eftirlitsmælingar. Þar segir m.a.: Rekstraraðili skal hafa samráð við eftirlitsaðila um staðsetningu og útfærslu sýnatökuaðstöðu. Urðunarstaðurinn er þurr, þannig að við urðun verður aldrei vart við grunnvatn. Á fundi eftir eftirlit gerði eftirlitsaðili kröfu um að útbúinn yrði sýnatökustaður þannig að hægt yrði að framkvæma mengunarmælingar sumarið 2015 og ljóst er að hafinn er undirbúningur að slíkum sýnatökum.

ANNAÐ

Þegar eftirlit fór fram var hlið lokað og læst með hengilás, en innan girðingar sáust merki um að sauðfé hefði verið inni í girðingunni. Ekki sáust merki um galla á girðingu, þannig að svo virðist sem fé hafi komist inn um hlið. Gerð er krafa um að hlið sé alltaf lokað.

Ekki sáust merki eftir vargugl eins og við eftirlit 2013.

Reykjavík, 12.10.2014

Hákon Hansson

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.